

# *Leikskólinn Hlaðhamrar*

Starfsáætlun 2024-2025



Heimilisfang : Hlaðhamrar  
Sími: 566-6351

Netfang: [hlað@mos.is](mailto:hlað@mos.is)

# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	3
<b>Ávarp leikskólastjóra</b> .....	4
<b>1. Áherslur í starfi leikskólans</b> .....	5
<b>1.1 Stefna og markmið</b> .....	5
<b>1.3 Áherslur skólaársins</b> .....	5
<b>2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun</b> .....	6
<b>2.1 Matsáætlun Innra mat skólaársins 2023-2024</b> .....	6
<b>Innra mat síðasta skólaárs</b> .....	6
<b>2.2 Ytra mat</b> .....	7
<b>2.3 Umbótaáætlun</b> .....	8
<b>3. Starfsmannamál og áætlanir</b> .....	8
<b>3.1 Starfsmannahópurinn 1. September 2023</b> .....	8
<b>3.2 Starfsþróunarsamtöl</b> .....	8
<b>3.3 Endurmenntun</b> .....	8
<b>3.4 Endurmenntun síðasta skólaárs</b> .....	9
<b>3.5 Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2023-2024</b> .....	9
<b>4. Aðrar upplýsingar</b> .....	9
<b>4.1. Barnahópurinn</b> .....	9
<b>4.2 Foreldrasamvinna</b> .....	10
<b>4.3 Samvinna leik- og grunnskóla</b> .....	10
<b>4.4 Leikskóladagatal 2023-2024</b> .....	12
<b>4.5 Hefðir á Hlaðhömrum</b> .....	13

## **Formáli**

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

## **Ávarp leikskólastjóra**

Nýtt skólaár er að hefjast og eru áskoranir miklar þetta ár eins og öll önnur ár varðandi gott og metnaðarfullt leikskólastarf.

Við vinnum í anda fráberrar uppeldisstefnu sem nefnist Reggio Emelía þar sem horft er til þess að barnið sé skapandi einstaklingur í umhverfi sínu, barnið á að fá nægan tíma og rími til að vaxa og dafna miðað við aldur og þroska. Áhersla er á að umhverfið sé hvetjandi, fallett og sniðið að þörfum barnanna.

Mannauður Hlaðhamra er að mínu mati algerlega frábær. Hjá okkur er kjarni sem hefur unnið saman í langan tíma sem er styðjandi, samheldinn og vinnur frábært og metnaðarfullt fagstarf. Þar sem stefnan er höfð að leiðarljósi ásamt jákvæðum samskiptum.

Áskoranirnar eru margar þegar kemur að stjórnun leikskóla. Þá er helst að telja starfsmannahald, nú er mun erfiðara að fá leikskólakennara/starfsfólk til starfa og veldur það okkur miklum áhyggjum. Hvað verður með leikskólana í framtíðinni við viljum jú vera framsækin menntastofnun. Það er því mjög mikilvægt að hlúa að þeim kennurum sem fyrir eru hjá Mosfellsbæ.

Verkefnið betri vinnutími sem hófst síðasta starfsár hefur gengið mjög vel hjá okkur og hefur skilað okkur ánægðari starfsmönnum og hafa foreldrar tekið mjög vel í þessar breytingar.

Hlaðhamrar er mjög fallett og virðulegt hús en jafnframt gamalt og viðhald ekki verið í samræmi við þörf. Því miður stöndum við frammi fyrir því að við vitum nánast ekki hvernig fer með eldri hluta hússins. Það hefur tekið mikið á starfsfólk, börn og foreldra. Með von í hjarta að sú ákvörðun sem tekin verður verði okkur öllum til farsældar þegar til lengri tíma er litið.

Einnig er mjög mikilvægt að leikskólalóðir leikskólanna séu vel við haldnar. Nú í sumar var tekin hluti af leikskólalóðinni og er það mjög jákvætt.

Sveinbjörg Davíðsdóttir

Leikskólastjóri Hlaðhamra

Mosfellsbæ

# **1. Áherslur í starfi leikskólans**

## **1.1 Stefna og markmið**

Að stuðla að framsæknu skólastarfi með hugmyndir Reggio Emilia að leiðarljósi.

Að mæta barninu á jafnréttisgrundvelli og á þeirra forsendum því þau eru ólíkir einstaklingar með misjafnar þarfir.

Að skapa uppbyggilegt umhverfi og aðstæður sem virkja þau til að takast á við verkefni við þeirra hæfi, því öll eru þau sterkir einstaklingar sem hafa mikið fram að færa.

Að leggja áherslu á skapandi starf þar sem tekið er tillit til löngunar barnsins hér og nú og þeim búin skapandi efniviður og aðstæður í máli og myndum, til leikja sem og í öðru starfi. Með þessu teljum við að barnið verði skapandi og frjór einstaklingur með hæfni til að velja og hafna í framtíðinni og takast á við formlegra nám síðar meir.

Að áhersla sé á gæði í samskiptum, til að geta tileinkað sér virðingu, vináttu og kærleik.

*Gildi Mosfellsbæjar – Virðing – Jákvæðni – Framsækni - Umhyggja*

## **1.3 Áherslur skólaársins**

Við stöndum frammi fyrir mjög krefjandi skólaári sem tekur mið af ástandi húsnæðis Hlaðhamra

Við viljum þrátt fyrir það nýta okkur tækifærin sem við höfum sem er góður og mikill mannauður að geta boðið starfsfólki upp á starfsþróun í meira mæli en áður.

Leggja enn meiri áherslu á vægi leiksins með opnum efniviði og flæði í leik og starfi inni sem úti.

<b>Verkefni</b>	<b>Markmið</b>	<b>Leiðir</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Mat</b>
<i>Námsskrá</i>	<i>Áframhaldandi vinna við gerð nýrrar skólanámsskrár</i>	<i>Námsskrár fundir/skrif</i>	<i>Sveinbjörg Davíðsdóttir</i>	<i>Fagfundur</i>
<i>Útinám</i>	<i>Fjölbreytt útikennsla</i>	<i>Nýta nærumhverfið</i>	<i>Faghópur</i>	<i>Fagfundur</i>
<i>Leikurinn námsleið barnsins</i>	<i>Auka enn vægi leiksins í námi barnsins</i>	<i>Starfsmenn kynni sér nýjan kafla í aðalnámsskrá um leikinn</i>	<i>Faghópur</i>	<i>Fagfundur</i>

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1. Matsáætlun Innra mat skólaársins 2024-2025

Matsteymi skólaársins er skipað eftirtöldum:

Sveinbjörg Davíðsdóttir

Guðrún Helga Kristjánsdóttir

Dóra Guðrún Wild

Sandra Sif Guðfinnsdóttir

Viðfangsefni	Markmið	Gagnöflun	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðilar
Leikurinn aðal námsleið barnsins	Auka enn vægi leiksins í námi barnsins	Samantekt frá deildarstjórum	desember 2024	Guðrún Helga Kristjánsdóttir Jóhanna Þ Gunnarsdóttir
Útikennsla	Aukið vægi útikennslu	Samantekt frá deildarstjórum	Skólaárið 2024-25	Dóra G. Wild

### Innra mat síðasta skólaárs

#### Skapandi efniviður

Við byrjuðum starfsárið með fyrirlestri um skapandi efnivið með Sigríði Sítu og í kjölfarið rýndum við í þann efnivið sem fyrir var og spáðum í hvað mætti betur fara og hverju við gætum bætt við.

Unnið var jafnt og þétt allt skólaárið og málin rædd á fagfundum og starfsmannafundum.

#### Stytting vinnuvikunnar

Könnun var gerð og niðurstöðurnar voru þær að allir starfsmenn eru mjög ánægðir með fyrirkomulag styttingunnar enda hafa allir starfsmenn getað tekið styttingu á skráningardögum eða fengið að vinna á þeim dögum og tekið styttinguna á öðrum tíma.

Starfsmenn hafa að mestu leyti notað skráningardagana og við höfum haft skólafólk til að leysa þá daga.

#### Lok skólagöngu/Ævintýrahópur

Um miðjan maí fer af stað svokallaður Ævintýrahópur þar sem starf elstu barnanna er brotið upp. Farið er í allskonar ævintýraferðir þar sem skoðaðir eru hinir ýmsu staðir, farið í gönguferðir, fjallgöngur, stofnanir heimsóttar og fleira og fleira.

Í lok tímabilsins spjallar kennari sem ekki var með þeim í ævintýrahópnum við þau og skráir niður þeirra upplifanir. Spyr þau hvað þau hafi verið að gera og hvað var skemmtilegast og hvað var ekki skemmtilegt. Mjög skemmtilegt og gagnlegt að skoða og lesa svörin þeirra.

Hvað var skemmtilegast.

- Fara í Þjóðminjasafnið

- Gaman að fara fram hjá vinnunni hennar mömmu.
- Fara á ströndina, grilluðum pulsar, vorum að vaða
- Lang mest gaman þyrlunar og fara á ströndina, sáum allskonar
- Þegar við vorum í sjónvarps húsið vorum við að leita af strumpum.
- Labba svo lengi uppá Lágafell

Það er var ekki skemmtilegt

- Bíða eftir strætó
- Ekki gaman þegar ég blotnaði

## **2.2 Ytra mat**

### **Foreldrakönnun**

Helstu niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins, könnunin var lögð fyrir í febrúar síðastliðnum. Svarhlutfall var 81,5 %

Það má segja að könnunin hafi komið mjög vel út, það er mikil og almenn ánægja með leikskólann í heild sinni. Við fengum einnig mjög hvetjandi og falleg svör í almennum spurningum.

Það sem dalar frá fyrri könnun er ánægja með húsnæði og flutning milli skólastiga.

### **Daglegt leikskólastarf**

Ánægja með Hlaðhamra 95,9%  
 Ánægja með stjórnun 100%  
 Ánægja barnsins á Hlaðhömrum 100%  
 Ánægja með holt mataræði 94 %  
 Ánægja með húsnæði og aðstöðu 86 %

### **Námsumhverfi**

Vinnubrögð 91;4%  
 Aðstaða 95,5%  
 Félagsleg samskipti 96,7%  
 Þátttaka án aðgreiningar 96,5 %

### **Samskipti við foreldra**

Ánægja með upplýsingamiðlun er 78,6 %  
 Þekking á stefnu á námskrá leikskólans er 73,5%  
 Tengsl við starfsfólk leikskólans meta foreldrar 96%  
 Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu er 80%  
 Ánægja með heimasíðu skólans 87,8%  
 Smáforrit 79,8%

### **Upphaf og lok skólagöngu**

Leikskólabyrjun 90,9%  
 Flutningur milli skólastiga 60%

Flutningur milli deilda 96,7%

## Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Hlutfall sérfræðipjónustu og stuðnings 12,8%

Hlutfall sérfræðipjónustu 4,1%

### 2.3 Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð
Flutningur milli skólastiga	Börnin verði öruggari í byrjun grunnskólagöngu	Óskað eftir nánari samvinnu við grunnskólann um heimsóknir	Janúar – maí 2024	Sveinbjörg Davíðsdóttir og deildarstjóri Höfða

## 3. Starfsmannamál og áætlanir

### 3.1 Starfsmannahópurinn 1. September 2024

Á Hlaðhömrum er lögð mikil áhersla á gæði í samskiptum og virðingu fyrir hvort öðru og starfinu.

Það er fjölbreyttur hópur starfsmanna á Hlaðhömrum, kennarar með leyfisbréf, háskólamenntaðir starfsmenn og starfsmenn með langa starfsreynslu í bland við nýbyrjaða. 1. september voru 23 starfandi starfsmenn á launaskrá. Af þessum eru 13 starfsmenn í hlutastarfi.

### 3.2 Starfsbróunarsamtöl

Lögð er áhersla á að starfsfólki líði vel í vinnunni og allir fái tækifæri til að tjá sig og koma með hugmyndir.

Stefnt er að því að allir starfsmenn fái á skólaárinu 1x starfsmannaviðtal og 2x snerpuviðtal

### 3.3 Endurmenntun

Endurmenntun fer fram jafnt og þétt allt árið, starfsmenn sækja námskeið og ráðstefnur sem skólaskrifstofa stendur fyrir sem og að eigin vali. Skipulagsdagar eru einnig vel nýttir til námskeiða og fyrirlestra af ýmsu tagi.



### 3.4 Endurmenntun síðasta skólaárs

<i>Starfsþróun 2023-2024</i>	<i>Efni</i>	<i>Þátttakendur</i>
<i>Starfsmannafundur 14.09</i>	<i>Fyrirlestur Samtökin 78</i>	<i>Allir starfsmenn</i>
<i>Starfsmannafundur 18.09</i>	<i>Fyrirlestur – Sigríður Síta Námsumhverfi – efniviður og rými</i>	<i>Allir starfsmenn</i>
<i>Starfsdagur 28.09</i>	<i>Námsumhverfi – efniviður og rými</i>	<i>Allir starfsmenn</i>
<i>Starfsdagur 25.10</i>	<i>Kynning á nýjum kafla í Aðalnámskrá leikskóla</i>	<i>Allir starfsmenn</i>
<i>27.10</i>	<i>EFI-2</i>	<i>Selma Blöndal</i>
<i>Haust og vorönn - Menntasmiðja</i>	<i>Deildarstjórinn sem faglegur leiðtogi í skólatarfi</i>	<i>Harpa Gísladóttir</i>
<i>7. nóvember – Herdís Storegard</i>	<i>Skyndihjálp</i>	<i>Allir Starfsmenn</i>

### 3.5 Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2024-2025

<i>Starfsþróun 2024-2025</i>	<i>Efni</i>	<i>Þátttakendur</i>
<i>Fræðsludagur Mosfellsbæjar</i>	<i>Reggio/Sveinbjörg Davíðsd.</i>	<i>Allir</i>
<i>Starfsdagur 28. október</i>	<i>Veldefling hugrekki og vellíðan/Sigríður Indirðadóttir</i>	<i>Allir</i>
<i>Hljóm -2</i>	<i>Réttindanámskeið Hljóm-2</i>	<i>Sandra Sif Guðleifsdóttir</i>
<i>Kraganámskeið</i>	<i>Dagskrá ekki komin</i>	<i>Starfsmenn</i>
<i>BOFS – Farsæld barna</i>	<i>Tengiliðanámskeið</i>	<i>Sveinbjörg Davíðsdóttir Guðrún H. Kristjánsdóttir Sandra Sif Guðleifsdóttir</i>
<i>Solihul</i>		<i>Deildarstjórar</i>

## **4. Aðrar upplýsingar**

### **4.1. Barnahópurinn**

Tölulegar upplýsingar 1.september 2024

<i>Heildarfjöldi barna</i>	<i>52</i>
<i>Drengir</i>	<i>30</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>22</i>

<i>Fæðingarár</i>	<i>Nemendur</i>
<i>2019</i>	<i>17</i>
<i>2020</i>	<i>20</i>
<i>2021</i>	<i>14</i>
<i>2022</i>	<i>1</i>

<i>Tungumál</i>	<i>Nemendur</i>
<i>Íslenska</i>	<i>40</i>
<i>Litháíska</i>	<i>1</i>
<i>Arabíska</i>	<i>4</i>
<i>Pólska</i>	<i>4</i>
<i>Lettneska</i>	<i>1</i>
<i>Hollenska</i>	<i>1</i>
<i>Enska</i>	<i>1</i>

## **4.2 Foreldrasamvinna**

Líðan barns í leikskóla er samvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis og sjónarmið og framlag foreldra til leikskólastarfsins því afar mikilvægt. Þegar börnin hefja leikskólagöngu sína er grunnur lagður að samstarfi skólans og heimilisins og mikilvægt er að fullt traust sé þar á milli.

Fyrir leikskólagöngu barnsins eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá skólastjóra þar sem þeim eru kynntar ýmsar upplýsingar t.d. stefna skólans, áherslur, heimasíðan, sem og foreldrakverið og námskráin.

Foreldrafundur fyrir alla foreldra er haldinn að hausti þar sem kynnt er starf vetrarins. Foreldravíðtöl eru síðan haldin tvisvar á ári í byrjun október og í febrúar þar sem kennari barnsins og foreldrar ræða saman um barnið. En að sjálfsgöðu er hægt að óska eftir viðtali hvenær sem er. Ekki má gleyma hinum daglegu samskiptum þegar foreldrar koma með og sækja börn sín en þá gefst gott tækifæri til veita upplýsingar á báða bóga. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfi hans.

Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi við leikskólann og er það mikilvægur þáttur í samstarfi foreldra og leikskólans. Foreldrafélagið er skipað átta fulltrúum tveim frá hverri deild. Foreldrar geta boðið sig fram til starfa í foreldrafélaginu. Hlutverk foreldraráðsins er að kynna sér innra starf leikskólans og foreldrar geta haft áhrif þar, í ráðinu sitja þrjú fulltrúar sem kosnir/tilnefndir eru að hausti. Foreldráðið fundar 4-5 sinnum yfir starfsárið eða oftari ef þurfa þykir.

## **4.3 Samvinna leik- og grunnskóla**

Sumarleikskólinn er samstarfsverkefni leikskóla Mosfellsbæjar. Þar sem allir leikskólar sameinast í einn Sumarleikskóla á einum leikskóla bæjarins í fjórar vikur.

Hlaðhamrar og Hlíð eru með útisvæði sem liggja hvort að öðru og hafa skólarnir verið í samstarfi með það að fá að nýta útisvæði hjá hvor öðrum.

Einnig hefur verið gott samstarf við grunnskóla Mosfellsbæjar þegar börn frá Hlaðhömrum eru að fara í grunnskóla að hausti. Hlaðhamrar hafa komið upplýsingum um börnin til viðkomandi skóla. Varmárskóli hefur svo alltaf boðið börnum sem þangað fara í heimsókn í skólann með kennurum frá Hlaðhömrum.

## 4.4 Leikskóladagatal 2024-2025

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

### Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

10 skólingardagar  
Fréðingardagur Mosfellsbæjar 20. sept. 24  
Starfsdagur 4 ekki komir inn

Hlaðhamrar

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ
1 F Samahleikskóli	1 S	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S Fréðingardagurinn	1 M Myndadagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Vaxahléttisdagurinn	1 S
2 F Samahleikskóli (lok. 4 vikur)	2 M	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F Starfsdagur	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Sjómannafréttisdagurinn
3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M
5 M Fróðgur vesturmannanna	5 F	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
6 Þ Samahleikskóli (vika 9)	6 F	6 M	6 M	6 M	6 F	6 M Fréttadagurinn	6 F	6 S	6 S	6 Þ	6 F
7 M Samahleikskóli	7 L	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F Samahleikskóli	8 S	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hálsáttundagur
9 F Samahleikskóli	9 M	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar íhúlsáttund
10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M
12 M Leikskólar opna kl. 10	12 F	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F
14 M	14 L	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 M	16 F	16 F	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 M	16 F	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ Jóladagurinn
18 S	18 M	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M Starfsdagur	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
22 F	22 S	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 F	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 M	25 M	25 L	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F	26 F	26 F	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F Fréðingardagur í forsta
27 Þ	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L				31 F	31 Þ Lemmisdagur	31 F	31 M	31 M	31 L	31 L	

## 4.5 Hefðir á Hlaðhömrum

### Jólin

Það er okkar markmið að reyna að skapa rólega jólastemningu í jólamánuðinum.

Í byrjun desember höldum við aðventukaffi fyrir fjölskyldur barnanna, þau borða morgunmat saman og fá piparkökur sem börnin hafa bakað. Litlu jólin eru haldin um miðjan desember, þá fáum við jólasveina í heimsókn, dönsum í kringum jólatréð og borðum jólamatinn.

### Þorrinn

Í kringum þorrann eru börnin á eldri deildunum búin að fræðast aðeins um gamla tímamann og þorrann. Á bóndadaginn bjóðum við svo öfum og pöbbum barnanna í morgunmat.

### Árbæjarsafn

Í tengslum við þorrann förum við í heimsókn með elstu börn leikskólans á Árbæjarsafnið, þar skoðum við gamla bæinn og fræðumst um lífið í gamla daga.

### Öskudagur-Bolludagur-Sprengidagur

Fyrir þessa daga erum við gjarnan búin að ræða aðeins um þá. Á bolludaginn eru bollur í boði í nónhressingunni og á sprengidaginn er saltkjöt og baunir í hádegismat. Á öskudaginn höldum við svo furðufataball og börnin koma ef þau vilja í hverskonar búningum, kötturinn er sleginn úr tunnunni og opið er á milli deilda.

### Konudagur

Þá er mömmum og ömmum barnanna boðið að koma í morgunmat.

### Sólarkaffi

Sá siður er viðhafður hér á Hlaðhömrum að halda sólarkaffi í febrúar. Þá fögnum við því að sjá aftur til sólar hér á leikskólanum, þegar sólin nær að skína yfir Lágafellið eftir að hafa verið í felum í svartasta skammdeginu. Öll börnin koma saman í sal, listaskála og á Höfða, bakaðar eru vöflur.

### Sumarhátíð

Einhvern góðviðrisdag í lok maí eða byrjun júní er sumarhátíðin haldin. Öll börnin hittast að morgni og farið er í skruðgöngu, síðan fara allir í þá leiki eða leiktæki sem þeir vilja enda margt skemmtilegt í boði, ýmsar stöðvar. Í hádeginu er grillað og eftir það er gleðinni haldið áfram.

## **Sveitaferð**

Í maí förum við í sveitaferð, við skoðum dýrin, leikum okkur og grillum. Í þessa ferð er foreldrum boðið að koma með.

## **Ævintýrahópur**

Að vori þegar líða fer lokum leikskólagöngu barnanna þá mynda elstu börnin svokallaðan ævintýrahóp. Þá er hefðbundið leikskólustarf hjá þeim brotið upp og starfið verður með öðru sniði. Farið er daglega í ferðir, gönguferðir í bænum okkar eða strætóferðir til Reykjavíkur þar sem farið er í ýmiskonar skoðunarferðir t.d. söfn, garða o.fl.. Farið er með nesti og jafnvel grillað einhverstaðar.

## **Bókasafn Mosfellsbæjar**

Börnin fara í litum hópum í heimsókn á bókasafnið þar sem starfsmaður bókasafnsins tekur á móti þeim og kynnir fyrir þeim safnið og les fyrir þau sögu.